

**Birgir Gunnarsson bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ og
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð**

Ísafjörður 9. júní 2021

Minnisblað varðandi uppbyggingu raforkukerfisins á Vestfjörðum.

Við þökkum tækifærið til að kynna sjónarmið Orkubús Vestfjarða fyrir ykkur á fundi okkar í gær, 8. júní.

Í framhaldi af fundinum viljum við koma á framfæri nokkrum atriðum sem mörg hver voru reyndar rædd á kynningarfundinum. Þ.á.m. viljum við greina frá upplýsingum sem við fengum á fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðuneytisins á öðrum fundi í kjölfar fundar okkar með ykkur.

Vatnsfjarðarvirkjun grunnstoð í raforkukerfinu á Vestfjörðum

Við teljum að 20 til 30 MW Vatnsfjarðarvirkjun hafi alla burði til að verða grunnstoð raforkukerfisins á Vestfjörðum og þá sérstaklega þess hluta kerfisins sem stundum er kölluð Mjólkarveita.

Mjólkarveita = veitukerfi allra þéttbýlisstaða og dreifbýlis á sunnan- og norðanverðum vestfjörðum.

Mjólkárveita er 11,2 MW að afli, en dugar ekki til að mynda þann stífleika sem þarf í rekstri í Mjólkarveitu, sem er það svæðiskerfi Landsnets sem tengir saman suður- og norðursvæði Vestfjarða. Ástæðan er einfaldlega sú að virkjunin er of lítil og skammhlaupsaflið í Mjólka verður því of lítið. Þessi skortur á skammhlaupsafli verður hamlandi á komandi árum þegar Landsnet hefur lokið jarðstrengslögnum sem hringtengir suður- og norðursvæði Vestfjarða innbyrðis. Nýjar jarðstrengslagnir á 66 kV spennustigi innan Mjólkarveitu verða því ekki í boði að óbreyttu og kalla í staðinn á loftlínur innan svæðisins t.d. til Súðavíkur sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Vatnsfjarðarvirkjun er lausnin

Lausn á áður nefndri styrkingu á Mjólkarveitu, er að byggja stærri virkjun en Mjólkárveita, þ.e. Vatnsfjarðarvirkjun. Virkjunin mundi draga mjög úr þörf á að flytja raforku inn á Vestfirði, en aðalatriðið er þó að hún lagar nánast alla galla Mjólkarveitu eins og hún er í dag. Vegna nálægðar 20-30 MW Vatnsfjarðarvirkjunar við Mjólkarveitu, þá er það sú virkjun sem gagnast raforkuöryggi á vestan verðum Vestfjörðum mest. Við fyrstu skoðun virðist virkjunarkosturinn vera einn sá hagkvæmasti á Vestfjörðum og með nýtingu hans er hægt að slá tvær flugur í einu höggi og auka græna orkuframleiðslu innan Vestfjarða sem rímar við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Aðrir virkjunarkostir

Orkubú Vestfjarða hefur farið vandlega yfir mögulega orkukosti á Vestfjörðum og hefur ekki fundið neinn valkost sem kemst nærri þeim sem hér er nefndur í að styrkja raforkukerfið og afhendingaröryggið á Vestfjörðum.

Aðrir virkjunarkostir sem eru innan við 10 MW og eru þá minni en Mjólkárveita mynda ekki þann stífleika kerfisins sem brýn þörf er á. Virkjanir sem eru stærri en 10 MW sem vissulega eru fyrir hendi á Glámuhálendinu fyrir utan Vatnsfjarðarvirkjun eru í meiri fjarlægð frá Mjólkarveitu sem er ókostur. Um

er að ræða 13,7 MW Tröllárvirkjun í Vattarfirði eða Hvanneyrardalsárvirkjun í botni Ísafjarðar. Báðar virkjanirnar nýta að hluta sama vatnasvið og er því einungis hægt að byggja aðra þeirra. Báðar eru þær staðsettar í talsverðri fjarlægð frá Mjólkarveitu og kalla því á sérstaka línu að Mjólkarveitu til að auka afhendingaröryggið.

Í dag er það hagkvæmni virkjanakostanna á austur hluta Glámuhálendisins sem gerir þessar virkjanir fráhrindandi. T.d. þarf að lækka stofnkostnað Tröllárvirkjunar um 2,5 milljarð króna svo virkjunin geti borgað stofnkostnaðinn niður m.v. að tekjur til virkjunar verða þær sömu og heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar. Hækkun raforkuverðs gæti auðvitað breytt miklu, en raforkuverðið er myndað á frjálsum markaði.

Hinn valkosturinn

Verði ekki mögulegt að fara í Vatnsfjarðarvirkjun þá þarf að byggja upp 160 km langa loftlínu til að tvöfalda línuna úr Hrutatungu í Mjólka með tilheyrandi kostnaði sem gæti numið 14 til 16 milljörðum króna. Þá mun einnig skapast þörf á auknu (olíuknúnu) varaafli. Sá tími er hins vegar liðinn að flestra mati að hægt sé að byggja nýjar olíuknúna varaafstöðvar af sömu stærðargráðu (11 MW) og byggð var árið 2015 í Bolungarvík. Aukin eftirspurn eftir forgangsortu á svæðinu mun alltaf kalla á annaðhvort meira varaafli eða meira vatnsafl innan svæðisins.

Afleiðingar af veiku flutningskerfi í dag

Skorturinn á skammhlaupsafli í Mjólkarveitu í dag er þess valdandi að nú er til skoðunar hjá Landsneti að leggja loftlínu til Súðavíkur vegna áforma um Kalkþörungaverksmiðju. Enginn kvóti eftir í jarðstrengslögnum á háu spennustigi að því gefnu að núverandi áætlanir um hringtengingar gangi eftir. Fljótt á litið virðist eina leiðin ef leggja á jarðstreng, vera að lækka spennustigið og draga þá í raun úr flutningsgetu strengsins án þess að kostnaðurinn minnki svo neinu nemi. Það er fórnarkostnaðurinn af því að hafa veikt kerfi.

Núverandi loftlína Orkubúsins til Súðavíkur hefur verið og er erfiðasta línustæði fyrirtækisins og það bilanagjarnasta, enda er þessi lína sú hæsta yfir sjávarmáli á öllu landinu. Sl. vetur er enginn undantekning hvað bilanir varðar vegna ísingar. Sú lína hefur verið í rekstri með ærnum rekstrarkostnaði frá 1957, árið sem hún var tekin í notkun og það þrátt fyrir miklar styrkingar síðan þá. Tíðar bilanir á línunni eru þess valdandi að framleiðsla á olíuknúnu varaafli er viðvarandi og ekki er heppilegt að mati OV að fara með nýja loftlínu þangað.

Nýsköpun – framtíðin – vetni

Með stofnun Bláma, samstarfsverkefni Orkubúsins, Landsvirkjunar og Vestfjarðarstofu verða tekin fyrstu skrefin á þessu ári í að undirbúa rafgreiningu vetnis sem síðan verður nýtt í þróunarverkefni. Horft er til fiskiskipa, fiskeldissvæða sem ekki hafa kost á landtengingu rafmagns og vistvæna vöruflutninga, bæði innan Vestfjarða og til útflutnings að höfnum eða til Keflavíkurflugvallar. Ef rafeldsneyti verður framleitt í stórum stíl á Vestfjörðum, þá er það mjög hamlandi að geta ekki byggt upp nauðsynlega innviði tengdum orkuflutningi innan svæðis, sem væri reyndar á skjön við ályktanir Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar um stofnun þjóðgarðs.

Umhverfismál

Vatnsfjarðarvirkjun er mjög góð virkjun umhverfislega séð. Hún gerir 160 km langa tvöföldun á „loftlínu“ óþarfa vegna fyrirséðra orkuskipta. Land sem fer undir slíkt mannvirki, frá botni Hrutafjarðar að Mjólkárveitu er mögum sinnum meira en áhrifasvæði virkjunarinnar. Verðurtengd áhrif loftlínu verða áfram fyrir hendi, en slæmt veður er aðalorsök lélegs afhendingaröryggis á Vestfjörum í dag. Vatnsfjarðarvirkjun hefur þá sérstöðu að hún skerðir ekki víðerni Vestfjarða þar sem hún yrði byggð á þegar röskuðu svæði. Verkefnisstjórn rammaáætlunar 4 mat ósnortin víðerni hátt í verndargildi. Metin á þann mælikvarða eru áhrifin af Vatnsfjarðarvirkjun engin og eru því örugglega minni en af Tröllárvirkjun, Hvanneyrardalsárvirkjun og Skúfnavatnavirkjun á Langadalsströnd sem sett var í biðflokk.

Kolefnisspor

Það má öllum ljóst vera að ef Orkubúið þarf að nota áfram olíuknúið varaafli til raforkuframleiðslu og heitavatsframleiðslu rafkyntra hitaveitna, þá nær fyrirtækið ekki sínum markmiðum í kolefnishlutleysi. Aðrir landshlutar, eða 95% af landsmönnum eru tengdir jarðhitaveitu. Ekkert olíuknúið varaafli þarf fyrir jarðhitaveitur. Komandi kynslóðir á Vestfjörðum geta ekki náð sama kolefnishlutleysi gegnum sitt orkufyrirtæki eins og annarstaðar á landinu að óbreyttu.

Fundur með Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneyti

Á fundi sem við áttum með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðuneytis í gær, 8. júní, komu fram staðreyndir varðandi möguleika á Vatnsfjarðarvirkjun sem mikilvægt er að þið fáið upplýsingar um. Lögfræðingar sem staddir voru á fundinum sögðu að ekki yrði hægt að taka 20 til 30MW Vatnsfjarðarvirkjun til meðferðar í Rammaáætlun vegna laganna sem gilda um Rammaáætlun, þar sem hún væri yfir 10MW mörkunum og hennar ekki getið sérstaklega í friðlýsingarskilmálum. Þetta teljum við vera nýjar upplýsingar sem ekki komu fram á opnum fundi með starfshópnum þann 19. maí sl.

Viðbrögð

Við teljum afar mikilvægt að sveitarfélögin bregðist við þessum upplýsingum þannig að yfirleitt verði hægt að setja valkostinn, Vatnsfjarðarvirkjun í skipulagsferli og taka til meðferðar í Rammaáætlun. Tvær leiðir eru til að nálgast það verkefni að okkar mati.

Annars vegar mætti bæta inn í friðlýsingarskilmálana texta sem beinlínis heimilaði að virkjun sem nýta ætti afrennslið fyrir botni Vatnsdals yrði tekin til skipulagsmeðferðar og umfjöllunar í Rammaáætlun. Þar væri miðað við 20 til 30 MW afl. Hinsvegar mætti skoða þann möguleika að sú virkjun ásamt tilheyrandi vatnasvæði yrði tekin út úr friðlandinu með nýjum mörkum á friðlýstu svæði Þjóðgarðs og friðlands.

Mikilvægt er að koma ekki í veg fyrir að komandi kynslóðir á Vestfjörðum geti nýtt einn hagkvæmasta og umhverfisvænsta virkjunarkostinn á Vestfjörðum.

Með góðri kveðju,

**Elías Jónatansson, orkubússtjóri og
Sölvi R. Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs OV**